

Afgreiðsla mála

1. Reikningar BÍ

Ársreikningur Bændasamtaka Íslands og Nautastöðvar BÍ 2012

Fjárhagsnefnd búnaðarþings leggur til að búnaðarþing 2013 samþykki reikninga Bændasamtaka Íslands, og Nautastöðvarinnar BÍ fyrir árið 2012 eins og þeir liggja fyrir á þingskjali 1.

Guðmundur Bjarnason
Guðmundur Davíðsson
Guðný H. Jakobsdóttir
Örn Bergsson

2. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2013

Fjárhagsnefnd búnaðarþings leggur til að búnaðarþing 2013 samþykki Fjárhagsáætlun Bændasamtaka Íslands og Nautastöðvar BÍ fyrir árið 2013

Guðmundur Bjarnason
Guðmundur Davíðsson
Guðný H. Jakobsdóttir
Örn Bergsson

3. Viðhald og þjónusta vega í dreifbýli

Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

Markmið

Að viðhald og þjónusta á vegum í dreifbýli verði samræmd þannig að íbúar hvort sem þúa við vegtengingu sem heitir tengivegur eða héraðsvegur samkvæmt skilgreiningu Vegagerðarinnar njóti sömu þjónustu. Misræmi í snjómokstri á héraðsvegi og tengivegi getur leitt til þess að íbúar sem tengjast héraðsvegi komist ekki leiðar sinnar. Það eru mörg dæmi þess að íbúar sem tengjast héraðsvegum komist ekki leiðar sinnar, þó að tengivegur sem tengist héraðsvegi sé hreinsaður.

Leiðir

Flokkun á vegum í dreifbýli verði endurskoðuð a.m.k. með tilliti til samræmingar á þjónustu og viðhaldi. Snjómokstur á vegum í dreifbýli verði endurskoðaður með tilliti til samstarfs og samræmingar þjónustu sveitarfélaga og Vegagerðarinnar.

Framgangur

Bændasamtök Íslands fylgi málinu eftir við hluteigandi aðila.

Einar Ófeigur Björnsson
Fanney Ólöf Lárusdóttir
Gústaf Jökull Ólafsson
Helgi Haukur Hauksson
Marteinn Njálsson
Pétur Diðriksson
Sindri Sigurgeirsson
Smári Borgarsson
Sveinn Auðunn Sæland

4. Aðgengi að ríkisfjölmiðlum

Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

Markmið

Búnaðarþing 2013 krefst þess að allir landsmenn hvar sem þeir búa hafi tök á að njóta útsendinga ríkisútvarpsins, rásar eitt og tvö og sjónvarps (RÚV). Ríkisútvarpið er einnig hluti af almannavörnum landsins

Leiðir

Ríkisútvarpið bæti sendingarbúnað sinn þannig að allir landsmenn sitji við sama borð.

Framgangur

RÚV, menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti sent erindið.

Greinargerð

Afnotagjöld ríkisútvarps- og sjónvarps eru innheimt sem nefskattur af öllum landsmönnum. Þess vegna er það sjálfsögð krafa þegar kemur að móttökuskilyrðum að allir eigi kost á að njóta útsendinganna, það er ekki svo í dag, einnig þurfa margir að leggja í töluverðan viðbótarkostnað sjálfir til að geta náð sendingum þess. Þessi stofnun er í eigu allra landsmanna og á að vera aðgengilegt öllum landsmönnum óháð búsetu.

Málalyktir:

Vísað til stjórnar.

5. Almannaþingir

Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

Markmið

Efla þarf þekkingu bænda á virkni almannaþinga, hlutverki almannaþinga og starfsaðferðum.

Leiðir

Bændasamtökin standi fyrir kynningu á hlutverki Almannaþinga, starfsaðferðir og hvaða þátt bændur geta átt í í stafi þeirra.

Framgangur

Bændasamtök Íslands og Ríkislögreglustjóri / Almannaþingadeild, vinni saman að fræðslu og kynningu meðal bænda.

Málalyktir:

Vísað til stjórnar.

6. Réttarstaða landeigenda

Frá Búnaðarsambandi Suðurlands

Búnaðarþing 2013 ályktar að stórauka þurfi hagsmunagæslu bænda vegna breyttra landnota.

Greinargerð

Með ört vaxandi ferðaþjónustu og aukins áhuga almennings á útivist, hefur oft á tíðum skapast núningur milli hagsmuna bænda og fyrrgreindra aðila. Brýnt er að bændur standi fast á rétti sínum og njóti aðstoðar Bændasamtaka Íslands til þess. Þá er nauðsynlegt að Bændasamtök Íslands kynni bændum réttarstöðu sína sem landeigenda.

Ályktun

Réttarstaða landeigenda

Markmið

Búnaðarþing 2013 ályktar að kynna þurfi fyrir ferðaþjónustuaðilum og almenningi réttarstöðu landeigenda vegna umferðar um lönd þeirra.

Leiðir

Að upplýsingum um réttarstöðu landeigenda verði gerðar aðgengilegar og komið til þeirra er málið varðar svo sem ferðaþjónustufyrirtækjum, almenningi og landeigendum.

Framgangur

Stjórn BÍ er falið að fylgja málinu eftir.

Einar Ófeigur Björnsson
Fanney Ólöf Lárusdóttir
Gústaf Jökull Ólafsson
Helgi Haukur Hauksson
Marteinn Njálsson
Pétur Diðriksson
Sindri Sigurgeirsson
Smári Borgarsson
Sveinn Auðunn Sæland

7. Fjarskipti – öryggi

a) Frá Búnaðarsambandi Skagfirðinga

Búnaðarþing 2013 krefst þess að stóráttak verði gert til að auka öryggi fjarskipta á landsbyggðinni. Víða um land eru skilyrði til farsímasambands afar slæm eða engin. Síðustu mánuði hefur komið í ljós að öryggið er einnig mjög bágborið á stórum landsvæðum. Mjög víða í dreifibýlinu er netsamband ekki viðunandi sem er afar bagalegt fyrir öll nútímasamskipti. Víðast hvar á landsbyggðinni sendir Ríkissjónvarpið út með svokallaðri analog útsendingu en ný sjónvarpstæki taka einungis við stafrænni útsendingu.

b) Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

Markmið

Fjarskiptum verði komið í það horf að það endurtaki sig ekki það ófremdar ástand sem skapaðist í óveðri því sem gekk yfir landið norðaustanlands í september síðastliðinn og svo á Vestfjörðum í lok desember. Hafa ber í huga að kerfi það sem byggt hefur verið upp sem boðunar og samskiptakerfi björgunarsveita og lögreglu í neyð verður algerlega óvirkt á nokkrum klukkutímum í rafmagnsleysi, á það bæði við um gsm og tetrakerfin. Þetta veldur því einnig að fólk í neyð getur heldur ekki látið vita að það sé hjálpar þurfi.

Leiðir

Klára verði að leggja rafmagn í jörð á þekktum ísingarsvæðum og tryggt verði varaafll á alla senda þannig að þeir poli allt að viku rafmagnsleysi.

Framgangur

Bændasamtök Íslands vinni í málinu ásamt Almannavörnum, samgöngunefnd alþingis, Póst og fjarskiptastofnun og fleirri aðila ef þurfa þykir.

Ályktun

Fjarskipti - öryggi

Markmið

Fjarskiptum verði komið í það horf að það ófremdar ástand sem skapaðist í óveðri á norðurhluta landsins í september síðastliðinn og á Vestfjörðum í lok desember endurtaki sig ekki. Hafa ber í huga að kerfi það sem byggt hefur verið upp sem boðunar- og samskiptakerfi björgunarsveita og lögreglu í neyð verður algerlega óvirkt á nokkrum klukkutímum í rafmagnsleysi, á það bæði við um gsm og tetrakerfin. Þetta veldur því að fólk í neyð getur ekki látið vita að það sé hjálpar þurfi.

Leiðir

Lokið verði að leggja rafmagn í jörð á þekktum ísingarsvæðum og tryggt verði varaafli á alla senda þannig að þeir þoli allt að viku uppítíma. Farsímakerfið verði skilgreint sem almannavarnarkerfi á hluta landsins.

Framgangur

Almannavörnum ríkisins sent málið og Bændasamtök Íslands fylgi því eftir.

Einar Ófeigur Björnsson
Fanney Ólöf Lárusdóttir
Gústaf Jökull Ólafsson
Helgi Haukur Hauksson
Marteinn Njálsson
Pétur Diðriksson
Sindri Sigurgeirsson
Smári Borgarsson
Sveinn Auðunn Sæland

7b. Fjarskipti – ljósleiðari

a) Frá Búnaðarsambandi Skagfirðinga

Búnaðarþing 2013 krefst þess að stórátak verði gert til að auka öryggi fjarskipta á landsbyggðinni. Víða um land eru skilyrði til farsímasambands afar slæm eða engin. Síðustu mánuði hefur komið í ljós að öryggið er einnig mjög bágborið á stórum landsvæðum. Mjög víða í dreifibýlinu er netsamband ekki viðunandi sem er afar bagalegt fyrir öll nútímasamskipti. Víðast hvar á landsbyggðinni sendir Ríkissjónvarpið út með svokallaðri analog útsendingu en ný sjónvarpstæki taka einungis við stafrænni útsendingu.

b) Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

Markmið

Fjarskiptum verði komið í það horf að það endurtaki sig ekki það ófremdar ástand sem skapaðist í óveðri því sem gekk yfir landið norðaustanlands í september síðastliðinn og svo á Vestfjörðum í lok desember. Hafa ber í huga að kerfi það sem byggt hefur verið upp sem boðunar og samskiptakerfi björgunarsveita og lögreglu í neyð verður algerlega óvirkt á nokkrum klukkutímum í rafmagnsleysi, á það bæði við um gsm og tetrakerfin. Þetta veldur því einnig að fólk í neyð getur heldur ekki látið vita að það sé hjálpar þurfi.

Leiðir

Klára verði að leggja rafmagn í jörð á þekktum ísingarsvæðum og tryggt verði varaafli á alla senda þannig að þeir þoli allt að viku rafmagnsleysi.

Framgangur

Bændasamtök Íslands vinni í málinu ásamt Almannavörnum, samgöngunefnd alþingis, Póst og fjarskiptastofnun og fleirri aðila ef þurfa þykir.

Ályktun

Fjarskipti – ljósleiðari

Markmið

Að efla fjarskipti á landsbyggðinni.

Leiðir

Skilgreina þarf alþjónustu og gera tímasetta áætlun um úrbætur fyrir árslok 2014. Ljósleiðaravæðingu alls landsins þarf að ljúka eigi síðar en 2018.

Framgangur máls.

Stjórn Bændasamtaka Íslands fylgi málinu eftir.

Einar Ófeigur Björnsson
Fanney Ólöf Lárusdóttir
Gústaf Jökull Ólafsson
Helgi Haukur Hauksson
Marteinn Njálsson
Pétur Diðriksson
Sindri Sigurgeirsson
Smári Borgarsson
Sveinn Auðunn Sæland

8. Sorpeyðingarmál sveitarfélaga

Frá Landssamtökum sauðfjárbænda

Markmið

Búnaðarþing 2013 beinir því til stjórnvalda að endurskoða verkferla, viðmiðunarreglur og urðunarstaði fyrir sorp á landsbyggðinni. Gríðarlegur kostnaður er lagður á sveitarfélög og landsbyggðarfolk sem býr á svæðum þar sem enginn urðunarstaður er fyrir sorp og þarf að keyra sorpið hundruð kílómetra til að koma því á viðurkenndan urðunarstað. Sorpbrennslum hefur einnig verið lokað og þar sem orkan hefur verið nýtt til kyndingar mannvirkja fylgir þessum lokunum mikill kostnaðarauki fyrir sveitarfélög, bæði vegna þess að keyra þarf allt sorp hundruð kílómetra til urðunar og á köldum svæðum bætist við aukinn rafmagnskostnaður vegna kyndingar mannvirkja en orkan frá brennslunum var nýtt til að kyndingar þeirra.

Leiðir

Ríkið í samstarfi við samtök sveitarfélaga leiti leiða til að minnka kostnað við urðun sorps.

Framgangur

Stjórn BÍ falið að þrýsta á um framgang málsins gagnvart stjórnvöldum og samtökum sveitarfélaga.

Greinargerð

Sorpmál eru á ábyrgð sveitarfélaga. Ríkið er alltaf að herða lög og reglur varðandi sorp sem sveitarfélögum ber að fara eftir og fylgir því mikill kostnaðarauki og eru kröfur einnig oft óraunhæfar. Sem dæmi má nefna Skaftárhrepp sem er fámennst en víðfeðmt sveitarfélag. Árið 1999 var tekinn í notkun brennsluofn á Kirkjubæjarklaustri og hefur orkan verið nýtt til upphitunar á grunnskólanum, íþróttahúsi og sundlaug.

Þegar brennsluofninn kom í gagnið var farið að flokka sorp í sveitarfélaginu og þurfti einungis að urða um 3-4% af sorpi þess. Með auknum kröfum frá ríkinu hefur nú orðið að loka brennsluofninum með stóráuknum kostnaði fyrir sveitarfélagið. Rafmagnskostnaður við kyndingu mannvirkja eykst um 7,2 milljónir króna á ári. Þar sem engin viðurkenndur urðunarstaður fyrir heimilissorp er í sveitarfélaginu þarf að keyra allt sorp af svæðinu á næstu urðunarstöð og eru næstu urðunarstaðir í Lón í sveitarfélaginu Hornafirði, í austri, og Álfsnes í Reykjavík, í vestri. Það er um 250 - 260 km vegalengd á þessa staði frá Kirkjubæjarklaustri. Kostnaður við keyrslu og urðunarsorps eykst um 12 milljónir króna á ári fyrir sveitarfélagið.

Ályktun

Sorpeyðingarmál sveitarfélaga

Markmið

Að leysa sorpeyðingarmál sveitarfélaga með viðunandi hætti.

Leiðir

Stjórnvöld fari yfir lög og reglur um eyðingu sorps og leiti leiða til að minnka kostnað við förgun sorps.

Framgangur máls

Umhverfisráðuneyti, Umhverfisstofnun og Samtökum íslenskra sveitarfélaga send ályktunin. Stjórn Bændasamtaka Íslands fylgi málinu eftir.

Einar Ófeigur Björnsson
Fanney Ólöf Lárusdóttir
Gústaf Jökull Ólafsson
Helgi Haukur Hauksson
Marteinn Njálsson
Pétur Diðriksson
Sindri Sigurgeirsson
Smári Borgarsson
Sveinn Auðunn Sæland

9. Varnarlínur vegna búfjársjúkdóma

a) Frá Búnaðarsambandi Húnþings og Stranda

Í samræmi við Framvinduskýrslu til búnaðarþings 2011 er mál 03 frá 2010: „Varnarlínur vegna búfjársjúkdóma“ ennþá í vinnslu. Sérstaklega er þá vísað til staflíða 1 og 2 þ.e.

1. Tryggt verði fjármagn til eðlilegs viðhalds varnargirðinga.

2. Aflagðar girðingar verði fjarlægðar án tafar.

Lögð er áhersla á að þetta mál verði tekið fyrir á búnaðarþingi 2013 og þrýst á um að viðunandi varanlegar lausnir verði fundnar.

Greinargerð

Skv. fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 eru engir fjármunir áætlaðir til viðhalds Varnarlína utan girðingarinnar á Kili. Augljóst er að þetta er óásættanlegt m.t.t. sjúkdómahættu og því brýnt að þrýsta á um að nauðsynlegt fjármagn fái til viðhalds og endurbóta.

Ennfremur valda gamlar aflagðar varnargirðingar víða slyshættu bæði fyrir búfé og þá sem ferðast um landið og því nauðsynlegt að láta fjarlægja þær hið fyrsta.

b) Varnargirðingar:

Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

Markmið

Búnaðarþing krefst þess að fjármagni sé veitt í viðhald varnargirðinga samkvæmt lögum einnig að fjármagni sé veitt til að standa straum af því að fjarlægja aflagðar varnargirðingar þar sem þeirra er ekki þörf.

Leiðir

Fjárveitingavaldið kafið um fjármagn til að Mast geti sinnt lögboðnum verkefnum í girðingarmálum.

Framgangur

Matvælastofnun, Fjármálaráðuneyti og Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti sent erindið.

Ályktun:

Varnarlínur vegna búfjársjúkdóma

Markmið

Búnaðarþing krefst þess að fjármagni sé veitt í viðhald varnargirðinga samkvæmt lögum, einnig að fjármagn sé tryggt til að standa straum af því að fjarlægja aflagðar varnargirðingar hið fyrsta þar sem um er að ræða bæði umhverfis- og dyravelferðarmál.

Leiðir

Fjárveitingavaldið verði kafið um fjármagn til að Mast geti sinnt lögboðnum verkefnum í viðhaldi á

varnargirðingum.

Framgangur

Fjármálaráðuneyti, Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti og Matvælastofnun verði sent erindið. Stjórn BÍ fylgi málinu eftir.

Birgir Arason
Björn Halldórsson
Guðmundur Gunnarsson
Guðný Helga Björnsdóttir
Guðrún Sigurjónsdóttir
Gunnar Kr. Eiríksson
Skúli Þórðarson

10. Ráðgjöf varðandi orkunýtingu og orkuöflun í landbúnaði

Frá Búnaðarsambandi Austurlands

Markmið

Tryggja öfluga og heildstæða ráðgjöf varðandi orkunýtingu og orkuöflun í landbúnaði. Ráðgjöfin feli það í sér að stuðla að betri nýtingu orku og lækkun kostnaðar við landbúnaðarframleiðslu á Íslandi. Ráðgjöfin snúist bæði um nýtingu orku í hinum hefðbundna daglega rekstri og einnig orkuöflunnar til húshitunar eða almennra rekstrarlegra nota á búum.

Leiðir

Bí beini því til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins að standa að öflugri og heildstæðri ráðgjöf á sviði orkumála í landbúnaði. Bí beini því til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins að skoða hvernig slíkum verkefnum er fyrir komið erlendis og nýti sér þær upplýsingar sem fyrir liggja er lúta að sambærilegri ráðgjöf erlendis.

Framgangur

Bí taki upp viðræður við Orkusetun landbúnaðarins og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins um málið.

Birgir Arason
Björn Halldórsson
Guðmundur Gunnarsson
Guðný Helga Björnsdóttir
Guðrún Sigurjónsdóttir
Gunnar Kr. Eiríksson
Skúli Þórðarson

11. Um Landbúnaðarháskóla Íslands

a) Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

Markmið

Tryggja þarf sjálfstæði og rekstrargrundvöll Landbúnaðarháskóla Íslands. Mikilvægt er fyrir íslenskan landbúnað og þróun hans að í landinu sé rekinn skóli sem sinnir fræðslu- og rannsóknarskyldu varðandi landbúnað á Íslandi. Með nýrri Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er m.a. horft til Lbhí varðandi endurmenntun og rannsóknir ráðunauta og annarra starfsmanna í leiðbeiningaþjónustu. Því er öflugur landbúnaðarskóli mikilvægur hlekkur í framþróun og framtíð ísl. landbúnaðar.

Leiðir

Standa þarf vörð um sjálfstæði Lbhí, ástæða er til að óttast að ef yfirstjórn skólans færast til Reykjavíkur, fjari fljótlega undan skóla staðsettum á landsbyggðinni.

Tryggja þarf að Lbhí fái það fjármagn sem honum ber og að tekið verði tillit til þess að um frekar lítinn skóla á landsbyggðinni sé að ræða, því passi hugsanlega ekki mælieiningar miðaðar við stærstu háskóla landsins.

Framgangur

Ályktun send Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Bí falið að fylgja málinu eftir.

b) Skólamál

Frá Búnaðarsambandi Suðurlands

Búnaðarþing 2013 lýsir áhyggjum á inntökuskilyrðum til háskólanáms í búfjárrækt á Hvanneyri. Búnaðarþing telur mikla afturför að búfræðinámi hafi verið tekið út sem inntökuskilyrði til háskólanáms í búfjárrækt.

Ályktun

Um landbúnaðarháskóla á Íslandi

Markmið

Tryggja þarf sjálfstæði og rekstrargrundvöll Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólans á Hólum. Mikilvægt er fyrir íslenskan landbúnað og þróun hans að í landinu séu öflugir skólar sem sinna endurmenntun bænda, starfsmenntanámi, háskólanámi og hafi rannsóknarskyldu í landbúnaði á Íslandi. Með nýrri Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er m.a. horft til Lbhí varðandi endurmenntun ráðunauta og annarra starfsmanna í leiðbeiningaþjónustu. Öflugir landbúnaðarháskólar eru mikilvægur hlekkur í framþróun og framtíð íslensks landbúnaðar.

Leiðir

Standa þarf vörð um sjálfstæði landbúnaðarháskólanna og ástæða er til að óttast að ef yfirstjórn þeirra færist til Reykjavíkur, fjari fljótlega undan skólum staðsettum á landsbyggðinni. Tryggja þarf að landbúnaðarháskólarnir fái það fjármagn sem þeim ber og að tekið verði tillit til þess að um frekar lítila skóla á landsbyggðinni sé að ræða, því passi hugsanlega ekki mælieiningar miðaðar við stærstu háskóla landsins.

Framgangur

Ályktun send mennta- og menningarmála- og fjármálaráðuneyti. Stjórn Bí falið að fylgja málinu eftir.

Birgir Arason
Björn Halldórsson
Guðmundur Gunnarsson
Guðný Helga Björnsdóttir
Guðrún Sigurjónsdóttir
Gunnar Kr. Eiríksson
Skúli Þórðarson

12. Rekstur kynbótastarfs

a) Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

Markmið

Búnaðarþing 2013, telur mikilvægt að meta leiðir til einfaldari og hagkvæmari rekstrar á kynbótastarfi í búfjárrækt. Jafnari aðstöðu og nýtingu á opinberum fjármunum á milli búgreina, félagslegri aðkomu bænda með og fjármögnun með gjaldtöku og búnaðargjaldi.

Leiðir

Fara þarf yfir núverandi fyrirkomulag á fjármögnun, kostnaði og aðstöðu einstakra búgreina. Greina þarf þarfir og aðstöðu einstakra búgreina til að standa sameiginlega að kynbótastarfi. Meta hagkvæmni núverandi fyrirkomulags og mögulegum tillögum til breytinga er gætu aukið hagkvæmni og lækkað kostnað. Samræma og auka jafnræði á milli búgreina á nýtingu framlaga frá búnaðarlagasamningi. Gera tillögur að framtíðarfyrirkomulagi fjármögnunar með notendagreiðslum og inngreiðslu einstakra búgreina með búnaðargjaldi.

Framgangur

Bí skipi verkefnastjórn er skili búnaðarþingi 2014 tillögu til umræðu.

b) Sæðingar
Frá Búnaðarsambandi Skagfirðinga

Markmið

Búnaðarþing 2013 telur að efla þurfi þátttöku bænda í kúasæðingum til hagsbóta fyrir sameiginlega ræktunarstarfið. Liður í því er að jafna að fullu kostnað bænda við kúasæðingar. Samhliða því verði gert átak í því að leiðbeina bændum hvernig bæta megi aðstöðu til sæðinga. Stefnt skal að hagræðingu í stjórnunarkostnaði við sæðingarstarfsemina.

Leiðir

Öll sæðingastarfsemi í landinu sem og Nautastöð BÍ verði sameinuð undir eitt fyrirtæki, Kynbótastöð Íslands. Öll opinber framlög til sæðingarstarfseminnar renni til fyrirtækisins. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins verði staðsettur í öflugu mjólkurframleiðsluhéraði þar sem þegar er rekin hagkvæm sæðingarstarfsemi. Jafnframt skal skoðað hvort samlegðaráhrif næðust ef kynbótastöðvar í sauðfjárrækt yrðu reknar undir sama hatti og kúasæðingar.

Framgangur

Bændasamtökin í samvinnu við búnaðarsamböndin, Landssamband kúabænda og kynbótastöðvarnar vinni að framgangi málsins. Stefnt skal að því að nýtt fyrirkomulag taki gildi í ársbyrjun 2014.

c) Kúasæðingar
Frá Búnaðarsambandi Austurlands

Markmið

Búnaðarþing 2013 beinir því til stjórnar BÍ að þegar verði lokið vinnu við að jafna aðstöðu kúabænda til þátttöku í kúasæðingum enda er almenn og markviss notkun kúasæðinga mikilvæg forsenda þess að árangur náist í ræktunarstarfi í nautgriparrækt vegna þess hversu lítill íslenski kúastofninn er.

Leiðir

Ein og sama gjaldskrá fyrir sæðingar verði látin gilda fyrir alla kúabændur og sambærileg þjónusta veitt. Til að auðvelda framkvæmd verði skipulag sæðingarstarfs á landinu fært á eina hendi með því að skilgreint fyrirtæki í eigu BÍ sjái um starfsemina.

Framgangur

Málið fái fullnaðarafgreiðslu á búnaðarþingi og stjórn BÍ falið að tryggja framgang þess í samstarfi við LK.

Ályktun

Kúasæðingar

Markmið

Búnaðarþing 2013 fagnar fram kominni "Skýrslu starfshóps um kosti og galla þess að sameina starfsemi kúasæðinga á landinu öllu". Vilji Búnaðarþings stendur til þess að áfram verði tryggt jafnt aðgengi að erfðæfni og að þeir fjármunir sem lagðir eru til starfseminnar verði sem best nýttir.

Leiðir

Búnaðarþing telur að í skýrslunni komi fram tillögur sem nýta megi með niðurstöðum úr viðhorfskönnun LK sem kynntar verða á aðalfundi samtakanna og afstöðu kúabænda sem væntanlega mun koma fram á aðalfundi LK nú í mars.

Framgangur

Stjórn BÍ í samvinnu við búnaðarsamböndin og Landssamband kúabænda vinni að framgangi málsins.

Birgir Arason
Björn Halldórsson
Guðmundur Gunnarsson
Guðný Helga Björnsdóttir
Guðrún Sigurjónsdóttir
Gunnar Kr. Eiríksson
Skúli Þórðarson

13. Velferðarmál dýra

a) Frá Búnaðarsambandi Suðurlands

Búnaðarþing 2013 lýsir áhyggjum yfir frumvarpi til laga um velferð dýra sem er til umsagnar á Alþingi þessa dagana. Í frumvarpinu kemur fram að taka eigi upp leyfi til þess að eiga búfénað. Það er alveg ljóst að öll leyfi kosta fjármuni og leggst búnaðarþing gegn þessari gjaldtöku. Í frumvarpinu er kveðið á um skipan fimm manna fagráðs um velferð dýra, sem í eiga sæti yfirdýralæknir er verður formaður fagráðs og fulltrúar skipaðir af Bændasamtökum Íslands, Dýralæknafélagi Íslands, Dýraverndarsambandi Íslands og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. Búnaðarþing mótmælir því hversu fáa menn Bændasamtökin eiga í fagráðinu.

b) Frá Landssambandi kúabænda Velferð búfjár

Markmið

Búnaðarþing 2013 telur mikilvægt að komið verði á skýrari reglum svo að unnt sé að grípa inn í aðstæður þar sem aðbúnaður búfjár er óviðunandi.

Leiðir

Stjórn BÍ leiti samstarfs við þá aðila sem málið varðar um færar leiðir í þessu efni.

Framgangur

Stjórn BÍ hafi forgöngu um málið og niðurstaða liggja fyrir á næsta búnaðarþingi.

Greinargerð

Mikilvægt er að velferð og viðunandi aðbúnaður búfjár sé tryggður, enda felast mikil verðmæti í jákvæðri ímynd landbúnaðarins og miklu skiptir að ekki falli skuggi þar á. Í þessu sambandi er því nauðsynlegt að skoða með opnum huga allar leiðir til að tryggja velferð búfjár og með hvaða hætti sé hægt að forða því úr óviðunandi aðstæðum. Meðal annars þarf að ígrunda vel hvort taka eigi upp leyfisskyldu vegna búfjárhalds í atvinnuskyni. Verði það að veruleika, er hins vegar grundvallaratriði að öllum sé gefinn kostur á að halda búfé og að þeir sem slíkt gera fái sjálfkrafa og án nokkurs kostnaðar leyfi til búfjárhalds. Þeir aðilar sem ítrekað verða uppvísir að slæmum aðbúnaði og/eða illri meðferð á búfé, verði sviptir slíku leyfi, um lengri eða skemmri tíma, eftir alvarleika máls. Eftirlit með velferð og aðbúnaði búfjár verði í höndum núverandi búfjáreftlits, þannig að ekki verði um nýjan aðila eða nýtt eftirlit að ræða, né heldur kostnaðarauka fyrir greinina og viðkomandi eftirlitsaðila.

Ályktun

Velferðarmál dýra

Markmið

Búnaðarþing 2013 fagnar frumvörpum til laga um búfjárhald og laga um velferð dýra sem nú liggja fyrir Alþingi. Búnaðarþing leggur áherslu á að tekið verði tillit til allra athugasemda um frumvörpin sem BÍ hefur komið á framfæri við Alþingi.

Framgangur

Stjórn BÍ fylgist með framvindu málsins og komi sjónarmiðum bænda á framfæri.

Birgir Arason

Björn Halldórsson

Guðmundur Gunnarsson

Guðný Helga Björnsdóttir

Guðrún Sigurjónsdóttir

Gunnar Kr. Eiríksson

Skúli Þórðarson

14. Dýralæknaþjónusta og dýravelferð

a) Frá Búnaðarsambandi Skagfirðinga

Búnaðarþing 2013 ítrekar ályktun frá fyrra ári um dýralæknaþjónustu.

Vaktsvæði MAST eru alltof víðfeðm og ógna dýravelferð á sumum svæðum á landinu. Sem dæmi má nefna Norðurland vestra, ekki er raunhæft að vakthafandi dýralæknir í Skagafirði sé búsettur á Hvammstanga og öfugt.

Viðbragðtími vakthafandi dýralækna er allt of langur þegar um bráðatilfelli er að ræða.

b) Frá Landssambandi kúabænda

Markmið

Búnaðarþing 2013 leggur ríka áherslu á að áfram verði fylgt eftir ályktun búnaðarþings 2012 um dýralæknaþjónustu og dýravelferð.

Leiðir

Gæta þarf þess að aðgengi bænda að dýralæknum og/eða dýrallyfjum komi ekki niður á velferð dýra og skapi mikið misræmi út frá staðsetningu bænda á landinu, hvort heldur er innan eða utan dagvinnutíma. Leggja þarf sérstaka áherslu á að dýralæknar fái heimild, á grundvelli þjónustusamninga, til að ráðstafa lyfjum til bænda sem undirgengist hafa námskeið um notkun og geymslu lyfja.

Framgangur

Bí vinni með Matvælastofnun, Lyfjastofnun og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu að því að finna leiðir til að leysa þau vandamál sem skapast hafa vegna stórra vaktsvæða dýralækna.

Ályktun

Dýralæknaþjónusta og dýravelferð

Markmið

Búnaðarþing 2013 leggur ríka áherslu á að löggjöf um stærð vaktsvæða dýralækna verði endurskoðuð. Vaktsvæðin eru alltof víðfeðm og ógna dýravelferð á sumum svæðum á landinu. Búnaðarþing fagnar því að Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið muni beita sér fyrir að skipa starfshóp til að fara yfir löggjöf og reglur um afhendingu dýrallyfja, þ.m.t. að bera þær saman við löggjöf í nágrannalöndunum með aðkomu fulltrúa bænda.

Leiðir

Gæta þarf þess að aðgengi bænda að dýralæknum og/eða dýrallyfjum komi ekki niður á velferð dýra og skapi mikið misræmi út frá staðsetningu bænda á landinu, hvort heldur er innan eða utan dagvinnutíma. Leggja þarf sérstaka áherslu á að dýralæknar fái heimild, á grundvelli þjónustusamninga, til að ráðstafa lyfjum til bænda sem undirgengist hafa námskeið um notkun og geymslu lyfja.

Framgangur

Stjórn Bí þrýsti á löggjafann um að leysa þau vandamál sem skapast hafa vegna stórra vaktsvæða dýralækna.

Birgir Arason

Björn Halldórsson

Guðmundur Gunnarsson

Guðný Helga Björnsdóttir

Guðrún Sigurjónsdóttir

Gunnar Kr. Eiríksson

Skúli Þórðarson

15. Lungnakregða í sauðfé

Frá Búnaðarsambandi Húnþings og Stranda

Búnaðarþing 2013 skorar á Matvælastofnun að setja nú þegar á fót vinnuhóp með eftirfarandi markmið:

1. Að kortleggja útbreiðslu og umfang lungnakregðu hjá sláturlömbum á landinu öllu og gera tillögur um á hvern hátt má hindra frekari útbreiðslu sjúkdómsins
2. Að meta það tjón sem lungnakregða veldur sauðfjárbændum í dag og gera tillögur um á hvern hátt má vinna bug á lungnakregðu með bólusetningu eða á annan hátt og hvernig má fjármagna það verkefni.

Greinargerð

Lungnakregða í sauðfé veldur miklu tjóni á hverju ári, mismiklu eftir landssvæðum og á milli bæja. Þar

sem kregða hefur verið landlæg missa einstakir bændur mörg lömb á hverju ári auk þess sem þríf gemlinga verða misjöfn og ending þeirra eftir því. Það er því ljóst að bændur sem búið hafa við kregðu vilja mikið til vinna að losna við hana. Kregðan hefur verið að breiðast út um landið undanfarin ár og því þyrftu upplýsingar um útbreiðslu hennar að liggja betur fyrir. Vandalítið ætti að vera að gera úttekt á útbreiðslu hennar með skoðun á lömbum í sláturhúsum að hausti og væri þá jafnframt hægt að senda hverjum bónda upplýsingar um stöðu í hans hjörð.

Sigurður Sigurðarson dýralæknir hefur nýlega gert tilraun með að sprauta bóluefni gegn grísakregðu í lömb, en það reyndist ekki hafa nein jákvæð áhrif gegn lungnakregðu.

Hákon Hansson dýralæknir á Austurlandi hefur fengið þær upplýsingar frá Þýskalandi að unnt sé að framleiða bóluefni gegn lungnakregðu í sauðfé og jafnvel blandað bóluefni gegn lungnakregðu og lungnapest. Hefur bóluefnið verið notað þar með mjög góðum árangri. Því er full ástæða til að leggja í þá vinnu að prófa framleiðslu á slíku bóluefni til notkunar hérlendis og meta árangur þess ásamt kostnaði.

Málalyktir:

Málið kemur ekki úr nefnd.

16. Íslenski landbúnaðarklasinn

Frá Landssamtökum sauðfjárbænda

Markmið

Búnaðarþing 2013 samþykkir að koma á formlegu samstarfi þeirra aðila sem aðkomu eiga að framleiðslu íslenskra landbúnaðarafurða. Þingið telur að slíkt samstarf feli í sér margvísleg tækifæri til að efla og styrkja þá fjölbreyttu starfsemi sem tengist landbúnaði.

Leiðir

Bí fyrir hönd búgreinafélaga og búnaðarsambanda kalli eftir samstarfi við afurðastöðvar, úrvinnslufyrirtæki, þjónustufyrirtæki og aðra aðila er tengjast búvöruframleiðslu.

Bí hafi forgöngu um uppbyggingu starfsskipulags og kynni sér hvernig slíku klasasamstarfi er háttað í öðrum atvinnugreinum. Í framhaldi af því verði komið á formlegum samstarfsvettvangi.

Framgangur

Stjórn Bí er falið að hefja viðræður við alla aðila er tengjast málinu og fylgja málinu eftir.

Greinargerð

Snemma á seinasta ári stóðu Bí og SAM að samráðsfundi um stöðu landbúnaðarins með fulltrúum bænda, afurðastöðva og markaðsfólki úrvinnslufyrirtækja. Tilgangurinn var að styrkja betur ímynd og ásjónu íslensks landbúnaðar og landbúnaðarafurða. Þar kom fram sú hugmynd að tengja alla aðila saman sem hafa aðkomu að íslenskri búvöruframleiðslu undir merkjunum, Íslenski landbúnaðarklasinn, sem samsettur væri af bændum og þeim fyrirtækjum öllum sem með einhverjum hætti byggja tilveru sína á starfi bóndans.

Tólf þúsund störf eru með beinum hætti tengd landbúnaði, en ef dýpra er skoðað má áætla að störfín séu mun fleiri. Leiða má líkur að því að hlutur okkar í íslensku atvinnulífi sé miklu nær því að vera um fimmtán þúsund störf og 130 milljarða velta á ári. Á haustdögum var einnig haldin ráðstefnan Matvælalandið Ísland sem rammaði enn betur inn mikilvægi matvælaframleiðslu hér innanlands vegna aukinnar eftirspurnar matvæla í heiminum. Samstarf allra tengdra aðila undir merkjum Íslenska Landbúnaðarklasans er líklegt til að að styrkja betur ímynd og ásjónu landbúnaðar og efla vitund almennings um mikilvægi búvöruframleiðslu sem atvinnugreinar.

Ályktun

Íslenski landbúnaðarklasinn

Markmið

Búnaðarþing 2013 samþykkir að koma á formlegu samstarfi þeirra aðila sem aðkomu eiga að framleiðslu íslenskra landbúnaðarafurða. Þingið telur að slíkt samstarf feli í sér margvísleg tækifæri til að efla og styrkja þá fjölbreyttu starfsemi sem tengist landbúnaði.

Leiðir

Bí fyrir hönd búgreinafélaga og búnaðarsambanda kalli eftir samstarfi við afurðastöðvar, úrvinnslufyrirtæki, þjónustufyrirtæki og aðra aðila er tengjast búvöruframleiðslu.

Bí hafi forgöngu um uppbyggingu starfsskipulags og kynni sér hvernig slíku klasasamstarfi er háttað í öðrum atvinnugreinum. Í framhaldi af því verði komið á formlegum samstarfsvettvangi.

Framgangur

Stjórn Bí er falið að hefja viðræður við alla aðila er tengjast málinu og fylgja málinu eftir.

Greinargerð

Snemma á seinasta ári stóðu Bí og SAM að samráðsfundi um stöðu landbúnaðarins með fulltrúum bænda, afurðastöðva og markaðsfólki úrvinnslufyrirtækja. Tilgangurinn var að styrkja betur ímynd og ásjónu íslensks landbúnaðar og landbúnaðarafurða. Þar kom fram sú hugmynd að tengja alla aðila saman sem hafa aðkomu að íslenskri búvöruframleiðslu undir merkjunum, Íslenski landbúnaðarklasinn, sem samsettur væri af bændum og þeim fyrirtækjum öllum sem með einhverjum hætti byggja tilveru sína á starfi bóndans.

Tólf þúsund störf eru með beinum hætti tengd landbúnaði, en ef dýpra er skoðað má áætla að störfín séu mun fleiri. Leiða má líkur að því að hlutur okkar í íslensku atvinnulífi sé miklu nær því að vera um fimmtán þúsund störf og 130 milljarða velta á ári. Á haustdögum var einnig haldin ráðstefnan Matvælalandið Ísland sem rammaði enn betur inn mikilvægi matvælaframleiðslu hér innanlands vegna aukinnar eftirspurnar matvæla í heiminum. Samstarf allra tengdra aðila undir merkjum Íslenska Landbúnaðarklasans er líklegt til að styrkja betur ímynd og ásjónu landbúnaðar og efla vitund almennings um mikilvægi búvöruframleiðslu sem atvinnugreinar.

Oddný Steina Valsdóttir
Ólafur Þ. Gunnarsson
Sif Jónsdóttir
Sólveig Bessa Magnúsdóttir
Stefán Geirsson
Þórhallur Bjarnason

17. Stefnumótun í landbúnaði

Frá Landssamtökum sauðfjárbænda

Markmið

Unnin verði heildarstefnumótun fyrir íslenskan landbúnað til ársins 2025.

Leiðir

Um leið og búnaðarþing fagnar framlengingu búvörusamninga er rétt að velta fyrir sér framtíðarmöguleikum landbúnaðarins. Búnaðarþing 2013 leggur til að unnið verði að heildarstefnumörkun fyrir landbúnað á Íslandi. Skilgreina þarf sóknarfæri í landbúnaði m.t.t. fyrirbyggjandi stefnumörkunar, fæðuöryggis, verðmætasköpunar, atvinnuhagsmuna, byggðarþróunar og annarra þátta sem máli skipta. Stefna skal að aukinni hlutdeild innlendra landbúnaðarvöru á heimamarkaði, að markaðssetning erlendis á landbúnaðarvörum verði markviss og skili árangri til framtíðar. Áfram verður að leita allra leiða til að efla afkomu fyrirtækja sem starfa innan landbúnaðar á Íslandi. Þá þarf að huga að mannaúði innan landbúnaðarins tryggja nýliðun og menntunarstig svo landbúnaður megi til framtíðar skila verðmætum störfum um allt land.

Framgangur

Bændasamtök Íslands skipi starfshóp til að vinna að stefnumótun fyrir íslenskan landbúnað til ársins 2025. Eðlilegt er að slík stefnumótun sé endurmetin reglulega og framlengist og taki breytingum eftir því sem við á.

Málalyktir

Málið kemur ekki úr nefnd.

18. Endurskoðun félagskerfis bænda

Frá Landssambandi kúabænda

Búnaðarþing 2013 leggur ríka áherslu á að stjórn BÍ vinni áfram að endurskoðun félagskerfis bænda á grundvelli ályktana fyrri búnaðarþinga. Stefna ber að því við þessa endurskoðun að ná sem mestri skilvirkni í starfi Bændasamtakanna og aðildarféлага þeirra. Þá er brýnt er að hefja nú þegar undirbúning að breytingum á fjármögnun hagsmunasamtaka bænda. Þingið telur afar mikilvægt að stjórn Bændasamtakanna vinni að málinu í nánú samstarfi við aðildarfélögin.

Ályktun

Endurskoðun félagskerfis bænda

Búnaðarþing 2013 samþykkir að fela stjórn BÍ að vinna áfram að heildarendurskoðun á félagskerfi bænda.

Leiðir

Lagt er til að stjórn BÍ standi að verkefninu með eftirfarandi meginmarkmið að leiðarljósi;

- a) að einfalda félagskerfið
- b) að gera það ódýrara í rekstri
- c) að félagskerfið verði skilvirkara í hagsmunagæslu fyrir bændur
- d) að félagskerfið tryggi þátttöku og virkni bænda í því og að það höfði til hagsmuna þeirra

Framgangur

Við framkvæmd verkefnisins verði lögð sérstök áhersla á að verkefnið verði unnið í náninni samvinnu við aðildarfélög BÍ.

Oddný Steina Valsdóttir
Ólafur P. Gunnarsson
Sif Jónsdóttir
Sólveig Bessa Magnúsdóttir
Stefán Geirsson
Þórhallur Bjarnason

19. Samþykktir Bændasamtaka Íslands

a) Frá stjórn Bændasamtaka Íslands
Skjal með tillögum að breytingum lagt fram.

b) Frá Búnaðarsambandi Austurlands
Skipan stjórnar Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins

Markmið

Búnaðarsamband Austurlands leggur ríka áherslu á að búnaðarþing gæti þess að tryggja nauðsynlega landfræðilega og starfstengda breidd við skipun í stjórn Ráðgjafarmiðstöðvar Landbúnaðarins (RML).

Leiðir

Markmiðið með landfræðilegri og starfstengdri breidd í stjórn RML er að þar sitji fólk með sem víðasta þekkingu á hinum mismunandi aðstæðum þeirra sem ráðgjöfina nota bæði hvað varðar t.d. ólík landssvæði og mismunandi búgreinar. Þessum markmiðum verður aðeins náð með mjög vandaðri vinnu við val á þeim sem kosnir eru í til forystu í félaginu og þetta er mikilvægt að hafa að leiðarljósi þegar búnaðarþing kys fulltrúa í stjórn félagsins. Með þessu er mun líklegra að sátt náist um þær breytingar sem eru að ganga í gegn auk þess sem vænta má að markaðssetning nýrrar þjónustu verði markvissust með sem bestum tengslum við þann breiða markað sem þeir sem nota þjónustu RML mynda.

Ályktun

Samþykktir Bændasamtaka Íslands

Búnaðarþing 2013 samþykkir að gera eftirtaldar breytingar á samþykktum Bændasamtaka Íslands:

1. Við 2. gr.

a. Orðin „Landssamtök vistforeldra í sveitum“ í 3. mgr. falli brott.

2. Við 6. gr.

a. Stafliður B. orðist svo:

B.

Einkahlutafélag sem er alfarið í eigu Bændasamtaka Íslands annast leiðbeiningaþjónustu og faglega fræðslu í þágu landbúnaðarins með því m.a. að:

1. Vinna að framförum í landbúnaði með því að ráða ráðunauta er hafi á hendi leiðbeiningar á hlutaðeigandi sviðum í samræmi við ákvæði búnaðarlaga og búnaðarlagasamnings.

2. Hafa með höndum framkvæmd mála er Alþingi eða ríkisstjórn felur þeim í samræmi við búnaðarlög og búnaðarlagasamning.

3. Vinna að kynbótastarfsemi, annast eða hafa umsjón með afkvæmaprófun kynbótagripa og er m.a. heimilt að eiga og reka búfjárræktarstöðvar.

4. Hlutast til um að gerðar séu hagnýtar rannsóknir og tilraunir á öllum sviðum landbúnaðarins. Stjórn Bændasamtaka Íslands er heimilt að leita til búnaðarþings um tilnefningu fjögurra manna í stjórn einkahlutafélagsins og fjögurra til vara. Formaður stjórnar einkahlutafélagsins skal vera sá sem er framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands hverju sinni.

Sala á hlutum í einkahlutafélaginu er óheimil nema með samþykki aukins meiri hluta fulltrúa á búnaðarþingi.

3. Við 10. gr.

a. Í stað tölunnar „28“ í 1. mgr. kemur talan „29“ og í stað tölunnar „20“ í 1. mgr. kemur talan „19“.

b. Orðin „Landssamtök vistforeldra í sveitum 1“ í 2. mgr. falli brott.

4. Við 21. gr.

a. Orðin „leiðbeiningaþjónustu og annarrar“ í 1. másl. falli brott.

b. Orðin „leiðbeiningaþjónustan og önnur“ í 2. másl. falli brott.

5. Á eftir 24. gr. komi ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo: "Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. stafliðar B. 6. gr. samþykkt þessara skal búnaðarþing 2013 tilnefna fjóra menn í stjórn einkahlutafélagsins og fjóra til vara til eins árs."

Oddný Steina Valsdóttir
Ólafur Þ. Gunnarsson
Sif Jónsdóttir
Sólveig Bessa Magnúsdóttir
Stefán Geirsson
Þórhallur Bjarnason

20. Ímynd landbúnaðarins – aukin gæði framleiðslu

Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

Markmið

Búnaðarþing 2013 hvetur til að tryggt verði enn betur að aðbúnaður og umhirða búfjár, umhverfi matvælaframleiðslu og ásynd, verði hverjum tíma íslenskum landbúnaði til sóma, og leggi áherslu eftirfarandi markmið:

- Nauðsynlegt er að minna bændur á að ein verðmætasta eign landbúnaðar er gott orðspor – íslenskir neytendur treysta íslenskum bændum og úrvinnsluiðnaði.
- Bændur sjálfir verða á hverjum tíma að vera hvetjandi og veita aðhald –óviðunandi umhirðu lands – gróðurs – aðbúnaði og fóðrun á dýrum, framleiðsluvörum og umhverfi sveitabæja og starfsemi

afurðarstöðva.

- Gagnrýnin umræða um notkun á aðföngum, uppruna þeirra og starfsaðferðum kemur öllum við.
- Óverjandi er að einstaka bændur, framleiðendur komist upp með að kasta rýrð á aðra bændur er stunda ábyrgja bústjórn og búskap. Aldrei má viðurkenna slæma umhirðu og aðbúnað búfjár.

Leiðir

Samtök bænda og afurðastöðvar taki höndum saman um að vinna með bændum að góðum framleiðsluháttum, snyrtilegu umhverfi og fyrirmyndar aðbúnaði búfjár.

Í samstarfi við RML verði átaksverkefni til ráðgjafar um bættan aðbúnað og úrbætur.

Ráðgjöf um umhverfismál og skipulag á bæjum verði tryggð.

Samstarf afurðastöðva, samtaka bænda og MAST um vettvang og miðlun upplýsingar er gætu gagnast til leiðbeininga er búskapur umhverfi hans eða aðrir þættir gætu þróast til verri vegar.

Framgangur

Bí hafi forystu um að kalla saman búgreinafélög, búnaðarsambönd og samtök afurðastöðva í landbúnaði til að ræða framangreind markmið ásamt RML og MAST.

Ályktun

Ímynd landbúnaðarins - aukin gæði framleiðslu

Markmið

Búnaðarþing 2013 leggur áherslu á að umhverfi matvælaframleiðslu, ásýnd og orðspor verði á hverjum tíma íslenskum landbúnaði til sóma.

Leiðir

Þingið hvetur bændur til árvekni í málinu. Jafnframt hvetur þingið samtök bænda, afurðastöðvar og Ráðgjafarþjónustu landbúnaðarins (RML) til að vinna saman að heildstæðum leiðbeiningum til bænda um góða framleiðsluhætti

Oddný Steina Valsdóttir
Ólafur Þ. Gunnarsson
Sif Jónsdóttir
Sólveig Bessa Magnúsdóttir
Stefán Geirsson
Þórhallur Bjarnason

21. Girðingar með þjóðvegum og merkingar

- a) Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

Markmið

Búnaðarþing 2013 bendir á að víða er brotalóm með viðhald girðinga með þjóðvegum þar sem landeigendum er ætlað að annast það. Margir landeigendur hafa enga hagsmuni eða getu til að annast viðhald á girðingum með sínu landi. Er í þeim tilvikum mikilvægt að Vegagerðin taki verkið að sér. Mikil hætta skapast þegar búfé er á milli þjóðvegur og girðingar, svæðið er þröngt og við slíkar aðstæður er hætta á að búfé verði fyrir bíl.

Leiðir

Búnaðarþing 2013 fer þess á leit að Vegagerð ríkisins annist viðhald með veggirðingum þar sem landeigendur annast það ekki sjálfir.

Framgangur

Bændasamtök Íslands fylgi málinu eftir og sendi til Vegagerðar ríkisins.

b) Aðvörunarmerki um búfé

Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

Markmið

Búnaðarþing 2013 hefur áhyggjur af fjölda slysa þar sem búfé verður fyrir bílum. Víða liggja þjóðvegir um beitolönd sem eru ekki afgirt. Þar er mikilvægt að ökumönnum sé gerð grein fyrir því að búast megi við búfé á veginum og til að varna slysum er mikilvægt að merkingar sýni að búfé sé á svæðinu sem ekið er um.

Leiðir

Koma upp aðvörunarmerkjum um að búfé sé á svæðinu þar sem þjóðvegur liggur um beitolönd.

Framgangur

Bændasamtök Íslands fylgi málinu eftir og sendi til Vegagerðar ríkisins.

Ályktun

Girðingar með þjóðvegum og merkingar

Markmið

Búnaðarþing 2013 bendir á að víða er misbrestur á að viðhaldi girðinga með vegum sé sinnt og nauðsynlega þarf að bæta úr því. Búnaðarþing 2013 bendir jafnframt á að bæta megi merkingar á vegsvæðum þar sem búast má við búfénaði.

Leiðir

Að landeigendur, sveitarfélög og Vegagerðin efli samstarf um veggirðingar.

Þar sem landeigendur hafa enga hagsmuni eða áhuga til að annast viðhald á girðingum taki Vegagerðin eða sveitarfélög verkið að sér.

Að Vegagerðin komi upp aðvörunarmerkjum þar sem þess er þörf og vegsvæði liggur um beitolönd.

Framgangur

Bændasamtök Íslands fylgi málinu eftir og sendi til Vegagerðar ríkisins og Samtaka sveitarfélaga.

Eiríkur Snæbjörnsson
Guðbjörg Jónsdóttir
Hávar Sigtryggsson
Jóhann Gísli Jóhannsson
Jóhann Ragnarsson
Keran Stueland Ólason

22. Starfsumhverfi bænda – öryggismál og heilsuvernd

a) Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

Markmið

Bændasamtök Íslands láti sig varða velferð og líðan bænda, öryggi þeirra við bústörf, umhverfi fjölskyldu bóndans og gesta hans. Unnið verði að því að gera það öruggara.

Leiðir

Kynna þarf bændum aðferðir við að greina hættur í starfsumhverfi hans:

- Öryggismál í búskap, meðferð efna, búfjár, véla og tækja
- Öryggi barna í umhverfi bæjarins
- Gesta og annarra er ókunnir eru staðhátum
- Heilsuvernd bænda.

Framgangur

Vinna með stofnunum er hafa starfsvið á þessum sviðum, að samantekt á fræðslufni. Kynningu á bændafundum og í miðlum BÍ. Bændasamtökin geti með t.d. búnaðarsamböndum unnið að staðbundnum átaksverkefnum með bændum.

b) Vinnuslys og vinnuvelferð í landbúnaði
Frá Landssambandi kúabænda

Búnaðarþing 2013 felur stjórn Bændasamtaka Íslands að leita samstarfs við Vinnueftirlitið og tryggingafélög um átak til að fækka vinnuslysum og bæta vinnuvelferð í landbúnaði. Jafnframt verði leitað leiða til að bæta skráningu vinnuslysa.

Greinargerð

Margt bendir til þess að óásættanlega mörg, alvarleg vinnuslys verði í landbúnaði og að skráningu þeirra sé ábótavant. Mjög áriðandi er að aðilar í landbúnaði verðir vaktir til vitundar um að finna leiðir til að koma í veg fyrir slys í landbúnaði. Ljóst þykir að með umfjöllun og ábendingum er hægt að auka með fólki árvekni heima á búunum, því oft er hægt að koma í veg fyrir alvarleg slys með bættu vinnuumhverfi og aðgætni við vinnu. Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt niðurstöðum rannsóknar, sem fjallað er um í 12. tölublaði Læknablaðsins árið 2009, hafði hátt í helmingur bænda verið frá vinnu í 14 daga eða meira vegna vinnutengdra slysa. Engu að síður er það svo að einungis 12 til 18 slys hafa verið skráð í gagnagrunn Vinnueftirlitsins á ári síðustu fimm ár. Benda má á að atvinnurekendum er skylt að tilkynna um vinnuslys í þeim tilvikum þar sem starfsmaður er fjarverandi frá vinnu vegna slyss að lágmarki einn dag umfram þann sem slysið varð.

c) Öryggismál bænda
Frá Búnaðarsambandi Suðurlands

Markmið

Búnaðarþing 2013 samþykkir að móta stefnu um fræðslu og forvarnarstarf um slysavarnir, vinnuvernd og öryggismál bænda.

Leiðir

Bændasamtök Íslands leyti eftir samstarfi við búnaðarsambönd, búgreinasambönd, Vinnueftirlit ríkisins, tryggingafélög og eftir atvikum fleiri aðila um framgang verkefnisins.

Framgangur

Stjórn Bændasamtaka Íslands er falið að vera samnefni fyrir þessu verkefni. Gerð skal grein fyrir framgangi verkefnisins á búnaðarþingi 2014.

Samþykkt

Starfsumhverfi bænda – öryggismál og heilsuvernd

Markmið

Búnaðarþing 2013 leggur áherslu á að unnið verði að öryggis og heilsuverndarmálum bænda með það að markmiði að fækka slysum við landbúnað.

Leiðir

Að leitað verði samstarfs m.a. við Vinnueftirlitið og tryggingafélög um átak til að fækka vinnuslysum og bæta vinnuvelferð í landbúnaði.

Framgangur

Stjórn Bændasamtakanna falið að fylgja málinu eftir

Eiríkur Snæbjörnsson
Guðbjörg Jónsdóttir
Hávar Sigtryggsson
Jóhann Gísli Jóhannsson
Jóhann Ragnarsson
Keran Stueland Ólason

23. Refa- og minkaveiðar

a) Frá Landssamtökum sauðfjárbænda

Markmið

Um leið og búnaðarþing 2013 fagnar frumkvæði Alþingis um aukið fjármagn til eyðingar refs og minks nú í ár, telur þingið brýnt að ekki verði látið þar við sitja. Reynsla undanfarinna missera sýnir

að sporna verður við áframhaldandi vexti refastofnsins. Þá verði tryggt fjármagn til minkaveiða og með það að markmiði að útrýma villimink úr íslenskri náttúru. Stjórnláus fjölgun refs og minks raskar stórlega jafnvæginu í náttúrunni. Skipuleg fækkun beggja þessara meindýra skiptir miklu máli fyrir sauðfjárbændur, æðarbændur og alla þá sem láta sig dýra- og fuglalíf í náttúru Íslands einhverju varða.

Leiðir

Ríkið komi í auknum mæli að fjármögnun verkefnisins, til að tryggja samræmda framkvæmd þess, en umsýsla verði áfram í höndum sveitarstjórna. Þá fái sveitarfélögin endurgreiddan virðisaukaskatt af refa- og minkaveiðum.

Framgangur

Stjórn BÍ verði falið að þrýsta á um framgang málsins gagnvart stjórnvöldum og samtökum sveitarfélaga.

b) Um refaveiðar

Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

Markmið

Búnaðarþing 2013 fagnar auknum fjárveitingum til refaveiða, en hvetur um leið sveitarfélög í landinu til að skoða samræmingu á gjaldskrá vegna refaveiða. Mikilvægt er að refaveiðum sé vel sinnt um land allt. Gjaldskrá sveitarfélaga vegna refaveiða er mismunandi og því allur gangur á hve hvetjandi það er að sinna refaveiðum svo vel sé.

Leiðir

Sveitarfélög í landinu hvött til að skoða hvort samræming á gjaldskrá vegna refaveiða sé skilvirk leið til að efla veiðar á ref.

Framgangur

Ályktunin send Samtökum sveitarfélaga og stjórn BÍ falið að fylgja málinu eftir.

c) Ágangur villtra dýra og fugla

Frá Búnaðarsambandi Skagfirðinga

Búnaðarþing 2013 beinir því til stjórnar BÍ að áfram verði unnið að málinu.

d) Tillaga til þingsályktunar um breytta framtíðarskipan refaveiða á Íslandi
Lagt fyrir af stjórn Bændasamtaka Íslands

<http://www.althingi.is/altext/141/s/0084.html>

Ályktun

Refaveiðar

Markmið

Búnaðarþing 2013 lýsir áhyggjum af stjórnláusri fjölgun refa sem raskar stórlega jafnvægi í náttúrunni. Mikilvægt er að refaveiðum sé vel sinnt um allt land og engin svæði séu þar undanskilin.

Leiðir

Sveitarfélög í landinu samræmi skotlaun vegna felldra refa enda sé það skilvirk leið til að efla veiðar á ref.

Ríkið komi í auknum mæli að fjárveitingu til að standa straum af kostnaði við refaveiðar.

Framgangur

Ályktunin send Samtökum sveitarfélaga og stjórn BÍ falið að fylgja málinu eftir.

Eiríkur Snæbjörnsson

Guðbjörg Jónsdóttir

Hávar Sigtryggsson

Jóhann Gísli Jóhannsson

Jóhann Ragnarsson

Keran Stueland Ólason

24. Ráðgjöf við ábúendaskipti

Frá Búnaðarsambandi Suðurlands

Búnaðarþing 2013 beinir því til nýrrar ráðgjafamiðstöðvar að efla ráðgjöf við ábúendaskipti á búum.

Markmið

Aðgengileg verði öflug ráðgjöf og fræðsluefni er varðar þætti sem skipta máli við ábúendaskipti, þar sem bent er á mismunandi lausnir.

Leiðir

Draga saman þekkingu ráðunauta og eftir atvikum lögfræðinga er varðar mismunandi fyrirkomulag við ábúendaskipti. Skilgreina þarf kosti og galla mismunandi rekstrarforma, leigusamninga og annarra samninga. Þá þarf að hafa í huga réttarstöðu aðila, meðferð skattstofna o.fl.

Greinargerð

Við ábúendaskipti á bújörðum þarf gjarnan að formfesta ýmsa þætti, hvort sem um er að ræða kaup og sölu, leigu, lán eða blandaða leið. Það er mikilvægt að vandað sé til þessa ferlis, þegar ábúendaskipti eiga sér stað, og getur án efa skilið á milli þess hvort ferlið gangi upp eða ekki.

Ályktun

Ráðgjöf við ábúendaskipti

Búnaðarþing 2013 beinir því til Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins að efla ráðgjöf við ábúendaskipti á bújörðum.

Markmið

Aðgengileg verði öflug ráðgjöf við ábúendaskipti, þar sem bent er á mismunandi lausnir.

Leiðir

Draga saman þekkingu ráðunauta og eftir atvikum lögfræðinga er varðar mismunandi fyrirkomulag við ábúendaskipti. Skilgreina þarf kosti og galla mismunandi rekstrarforma, leigusamninga og annarra samninga.

Greinargerð

Við ábúendaskipti á bújörðum þarf að formfesta ýmsa þætti, hvort sem um er að ræða kaup og sölu, leigu, lán eða blandaða leið. Það er mikilvægt að vandað sé til þessa ferlis. Þegar ábúendaskipti eiga sér stað getur öflug ráðgjöf án efa skilið á milli þess hvort ferlið gengur upp eða ekki.

Egill Sigurðsson

Guðrún Stefánsdóttir

Gunnar Þórarinnsson

Jóhann Nikulásson

Jóhannes Ævar Jónsson

Vigdís Sveinbjörnsdóttir

Þorsteinn Sigmundsson

25. Lánamál landbúnaðarins

a) Frá Búnaðarsambandi Skagfirðinga

Búnaðarþing 2013 itrekar ályktun frá fyrra ári um fjármál bænda og beinir því til stjórnar BÍ að áfram verði unnið að málinu.

b) Frá Búnaðarsambandi Suðurlands

Búnaðarþing 2013 skorar á fjármálafyrirtæki að hraða vinnu við endurreikninga á erlendum, ólöglegum lánum og lánasamningum og lýsir yfir áhyggjum sínum yfir þeim tíma sem það hefur tekið hjá fjármálafyrirtæknum að leiðrétta þau.

Greinargerð

Allstór hluti bænda var með hluta skulda eða allar skuldir sínar bundnar erlendum myntum. Nokkur fjöldi dómsmála hefur fallið á þá leið að viðkomandi lánasamningar hafa verið dæmdir ólögmetir og fjármögnunarfyrirtækjunum og viðskiptabönkum gert skylt að endurreikna viðkomandi lán og

lánasamninga. Ekki er enn lokið endurreikningi nema hluta þeirra samninga.

c) Biðlán

Frá Búnaðarsambandi Suðurlands

Búnaðarþing 2013 hvetur lánastofnanir til að ljúka sem fyrst samningum um biðlán þeirra bænda sem þurftu að takast á við sína stöðu á þann veg að hluti skulda þeirra var settur í bið þar sem fyrstu biðlánin gjaldfalla nú á vormánuðum.

Greinargerð

Mikilvægt er að afdrif viðkomandi biðlána verði skýrð sem fyrst og þá þann veg sem getið er um í skýrslu eftirlitsnefndar, sem starfar eftir lögum nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Í því álit sem fram kom í skýrslu nefndarinnar til þáverandi efnahags- og viðskiptaráðuneytis í september 2011 segir svo á bls 66:

„Í ljósi takmarkaðra möguleika bænda til að bæta greiðslugetu sína í náinni framtíð, er það álit nefndarinnar að líklegt sé að stór hluti biðlána muni ekki innheimtast að öllu öðru óbreyttu. Vegna þessa ríkir óvissa um framtíð og meðferð þeirra. Komi til eignasölu skapast forsendur til að greiða rekstrarlánin upp, en án þess er vandséð með hvaða hætti biðlán verði greidd. Vegna þessarar óvissu telur nefndin að æskilegt væri að tekið væri á því með einhverjum hætti í samkomulagi milli banka og bænda hvað gert verði með biðlánið að þremur árum liðnum.“

d) Leiðréttingar verðtryggðra lána

Frá Búnaðarsambandi Suðurlands

Búnaðarþing 2013 skorar á Ríkisstjórn Íslands að beita sér fyrir því að mótaðar verði leiðir til leiðréttingar á verðtryggðum lánum með sanngirnisjónarmið að leiðarljósi, hvort sem það verður gert í gegnum skattkerfið eða með öðrum hætti.

Búnaðarþing hvetur stjórn Bændasamtaka Íslands að beita sér af afefli í þessum málum og leita lausna í samstarfi við önnur hagsmunasamtök.

e) Langtímafjármögnun í landbúnaði

Frá Búnaðarsambandi Suðurlands

Búnaðarþing 2013 hvetur stjórn Bændasamtaka Íslands að kanna viðhorf Lífeyrissjóðs bænda til þess að hann komi að langtímafjármögnun í landbúnaði.

Greinargerð

Eðli hefðbundinnar framleiðslu innan landbúnaðarins er, að greinin er mjög fjármagnsfrek með tilliti til veltu á hverjum tíma. Mikilvægt er að eðlileg endurnýjun geti átt sér stað innan landbúnaðarins og að ungt fólk fái til starfa innan greinarinnar. Einn liður í því er að skoða fjölbreyttari möguleika til stofnfjármögnunar. Síðustu misseri hefur verið erfitt fyrir lífeyrissjóðina að finna nægilega fjölbreytta ávöxtunarmöguleika. Eðlilegt er að fram fari skoðun á þessum möguleika í ljósi þessara þátta.

f) Fjármögnun í landbúnaði – útgáfa Jarðabréfa

Frá Landssambandi kúabænda

Markmið

Búnaðarþing 2013 felur stjórn Bændasamtaka Íslands að vinna að útgáfu jarðabréfa. Jarðabréf verði flokkur langtíma skuldabréfa með fyrsta veðrétti í landi bújarða sem nýttar eru til landbúnaðarframleiðslu og lágri/breytilegri endurgreiðslukröfu. Jarðabréf verði boðin sem fjárfestingakostur fyrir lífeyrissjóði og fjármálafyrirtæki.

Leiðir

Leitað verði samstarfs við samtök lífeyrissjóða og fjármálafyrirtækja við framgang málsins.

Framgangur

Stjórn BÍ hafi forgöngu um málið og leiti eftir föngum aðstoðar sérfróðra aðila. Niðurstaða liggi fyrir á næsta búnaðarþingi.

Greinargerð

Jarðnæði er undirstaða landbúnaðarins og með góðri umgengni heldur það óskertri framleiðslugetu um langan aldur. Með vaxandi eftirspurn eftir matvælum og fóðri, ásamt hlýnandi veðurfari og auknum tækifærum samhliða því, mun ásókn í ræktarland fara vaxandi á næstu áratugum. Allt bendir því til þess að ræktarland sé ákjósanlegur fjárfestingakostur. Eitt af þeim atriðum sem hamlar

kynslóðaskiptum og nýliðun í landbúnaði er sú mikla endurfjármögnun sem þarf að eiga sér stað við aðilaskipti að búrekstri. Jarðabréf til langs tíma með breytilega endurgreiðslubyrði auðvelda nýliðum að byggja sig upp í greininni. Vegna eðlis veðandlagsins og lítillar áhættu, er eðlilegt að ávöxtunarkrafa slíkra bréfa verði hófleg. Dæmi slíkrar fjármögnunar í landbúnaði eru þekkt um víða veröld, m.a. á Nýja-Sjálandi, og eðlilegt að þær fyrirmyndir verði hafðar til hliðsjónar við framgang málsins hérlandis.

Ályktun

Lánamál í landbúnaði

Markmið

Búnaðarþing 2013 ítrekar ályktun frá fyrra ári um fjármál bænda og átelur harðlega seinagang við lausnir á skuldamálum þeirra.

Þingið telur nauðsynlegt að horfa til framtíðar og ljúka úrvinnslu mála sem tengjast efnahagshruninu 2008 svo endurreisn geti hafist af krafti. Sá seinagangur sem verið hefur á lausnum skuldamála og sanngjörnum lagfæringum á stökkbreyttum lánum fjölskyldna og fyrirtækja, hefur komið í veg fyrir nauðsynlegar ákvarðanir um uppbyggingu og atvinnusköpun til framtíðar.

Leiðir

Bændasamtökin gera kröfu um að:

- Komist verði að samkomulagi um aðferðir við mat á bújörðum er taki mið af núverandi starfsemi og ástandi jarðanna.
- Búrekstraráætlanir er taki tillit til eðlilegrar afkomu bænda og endurnýjunar rekstrar- og fastafjármuna verði lagðar til grundvallar við lausnir.
- Lausnir verði sniðnar að mismunandi rekstrareiningum þannig að boðið verði upp á framtíðarlausnir í lánamálum án tillits til bústærðar.
- Skilmálar fjármálagjörninga verði skýrir, skerði ekki réttindi sem kunna að skapast við seinni tíma úrskurði og/eða dóma. Gera verður kröfu um að fjárhagsleg endurskipulagning sé til lengri tíma.
- Lokið verði við endurútreikning gengistryggðra lána sem fyrst til að ljúka þeirri óvissu sem er um fjárhagsstöðu viðkomandi búa.
- Mótaðar verði aðgerðir til leiðréttingar á verðtryggðum lánum með sanngirnissjónarmið að leiðarljósi og komi þær til móts við almenning og bændur er sýndu ráðdeild og skynsemi við ákvarðanatöku á árunum fyrir hrun.
- Samið verði um afdríf biðlána þannig að ljúka megi fjárhagslegri endurskipulagningu búanna.
- Samkeppnisskilyrði í bankastarfsemi verði bætt með því að:
 - Takmarka eða setja reglur um uppgreiðslugjöld lána.
 - Lántökugjöld verði í samræmi við raunverulega umsýslu lánsins.
 - Stimpilgjöld verði ekki innheimt við endurfjármögnun lána milli lánastofnana.

Bændasamtökin vinni að því að leita leiða til þess að takmarka persónulegar ábyrgðir í landbúnaðarrekstri, m.a. með því að skilgreina og veita ráðgjöf um heppilegt rekstarform fyrir búrekstur.

Framgangur

Búnaðarþing leggur áherslu á að stjórn Bændasamtaka Íslands beiti sér af fullum þunga í þessum málum.

Egill Sigurðsson
Guðrún Stefánsdóttir
Gunnar Þórarinsson
Jóhann Nikulásson
Jóhannes Ævar Jónsson
Vigdís Sveinbjörnsdóttir
Þorsteinn Sigmundsson

25b. Fjármögnun í landbúnaði

Ályktun

Fjármögnun í landbúnaði

Markmið

Búnaðarþing 2013 telur nauðsynlegt að kannaðir verði nýir lánamöguleikar í landbúnaði til að styðja við nýliðun, nýsköpun og framþróun innan greinarinnar.

Leiðir

Bændasamtökin láti gera faglega greinargerð um möguleika á fjármögnun í landbúnaði, þar á meðal kosti skuldabréfaútgáfu. Hvernig sé best að slíkri útgáfu staðið og hvaða skilyrði útgáfuaðilar þurfi að uppfylla. Þá verði kannaðir möguleikar Lífeyrissjóðs bænda til aukinnar þátttöku í fjármögnun í landbúnaði svo sem með stofnun rekstrarlánadeildar eða annarrar aðildar að lánveitingum til bænda, öðrum en sjóðfélagalánnum.

Framgangur

Búnaðarþing leggur áherslu á að stjórn Bændasamtaka Íslands beiti sér fyrir úttekki í þessum málum og fái sérfræðinga sér til ráðgjafar.

Egill Sigurðsson
Guðrún Stefánsdóttir
Gunnar Þórarinnsson
Jóhann Nikulásson
Jóhannes Ævar Jónsson
Vigdís Sveinbjörnsdóttir
Þorsteinn Sigmundsson

26. Fasteignagjöld og fasteignamat bújarða

Frá Landssamtökum sauðfjárnænda

Markmið

Álagning fasteignagjalda verði nýtt til að ýta undir að bújarðir séu nýttar.

Leiðir

Fasteignamat bújarða ætti að endurspeglar markaðsverð, sem það gerir ekki í dag. Samfara endurmati á verði, verður að nýta þær heimildir sem fyrir hendi eru í lögum um tekjustofna sveitarfélaga til að mismuna jarðeigendum við álagningu fasteignagjalda, eftir því hvernig nýtingu þeirra er háttað.

Framgangur

Stjórn Bí vinni að framgangi málsins m.a. með því að þrýst verði á Samband Íslenskra sveitarfélaga að setja samræmdar reglur um breytingu afsláttar ákvæða við álagningu fasteignagjalda á bújarðir.

Greinargerð

Í dag er fasteignamat jarða oft á tíðum algerlega úr takt við markaðsvirði og þar af leiðandi er fasteignaskattur mjög lítil á jarðir sem að hefur bein áhrif á tekjur sveitarfélaga. Heimild er fyrir því í lögum um tekjustofna sveitarfélaga að gefa afslátt af fasteignaskatti á bújarðir, samanber fyrri hluta 5. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995: *"Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af bújörðum á meðan þær eru nýttar til búskapar og af útihúsum í sveitum ef þau eru einungis nýtt að hluta eða standa ónotuð. Skyllt er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis."*

Með þessari aðgerð yrði í raun dýrara að eiga jarðir og nýta þær ekki. Jarðeigendur sem vilja ekki eða geta ekki nýtt eignirnar sjálfir, yrðu þannig hvattir til að koma þeim í einhvers konar notkun.

Málalýktir:

Málið kemur ekki úr nefnd.

27. Orkuverð og dreifing orku í dreifbýli

a) Frá Búnaðarsambandi Skagfirðinga

Búnaðarþing 2013 ítrekar ályktanir frá fyrra ári um orkuverð og dreifingu orku.

Þessi mál hafa þróast til verri vegar frá síðasta þingi. Veruleg hækkun hefur orðið á dreifingu á orku milli ára. Það bitnar verst á fyrirtækjum og heimilum á "köldum svæðum", þar sem kynda þarf hús með rafmagni.

Síðustu mánuði hefur komið í ljós að dreifikerfi rafmagns er víða veikburða og öryggi í flutningi rafmagns lítið. Í kjölfar mikilla skemmda á dreifikerfinu er RARIK krafð um 300 milljóna króna arðgreiðslu til ríkisins. Óljóst er því hvort fyrirtækið getur haldið áfram endurnýjun dreifikerfisins án þess að hækka dreifikostnað rafmagns umtalsvert í dreifibýli.

b) Orkukostnaður í dreifibýli

Frá Búnaðarsambandi Suðurlands

Búnaðarþing 2013 lýsir yfir þungum áhyggjum af þróun orkuverðs í dreifibýli og þeim ójöfnuði sem er á raforkuverði í dreifibýli annars vegar og í þéttbýli hins vegar.

Búnaðarþing 2013 ítrekar fyrri ályktanir um jöfnun raforkuverðs og dreifingu.

c) Afhendingaröryggi raforku

Frá Landssamtökum sauðfjárbænda

Markmið

Búnaðarþing 2013 lýsir áhyggjum sínum yfir ítrekuðu rafmagnsleysi á landsbyggðinni. Fara verður ofan í orsakir þess og leita leiða til úrbóta.

Leiðir

Ítrekað og langvarandi rafmagnsleysi hefur slæmar afleiðingar fyrir bændur eins og aðra sem fyrir því verða, en getur hafa sérstaklega alvarlegar afleiðingar fyrir velferð dýra. Aldrei verður komið að fullu í veg fyrir að truflanir verði, en reynsla síðustu mánaða sýnir að það er full þörf á að fara yfir stöðuna og reyna að tryggja afhendingaröryggi raforku betur en nú gert.

Framgangur

Stjórn BÍ er falið leita skýringa hjá Landsneti og kalla eftir úrbótum.

d) Um rafmagnsmál

Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

Markmið

Búnaðarþing 2013 skorar á stjórnvöld að sjá til þess að flutningskostnaður á raforku verði jafnaður á landsvísu. Jafnframt verði dreifikerfi bætt með tilliti til gæða rafmagns og afhendingaröryggis. Þá er brýn nauðsyn að efla varaafli sem þarf að vera tiltækt þegar á þarf að halda, svo sem í óveðrum og öðrum náttúruhamförum. Einnig verði lögð áhersla á hraðari uppbyggingu þriggja fasa rafmagns.

Leiðir

Sameina þarf flutnings- og dreifikerfi landsins. Leggja þarf áherslu á eðlilega endurnýjun flutnings- og dreifikerfis svo það standist kröfur neytenda. Liggja þarf ljóst fyrir hverjir bera ábyrgð á áreiðanleika varaafils. Hraða þarf uppbyggingu þriggja fasa rafmagns í stað einfasa dreifikerfi, en bjóða upp á aðrar lausnir í þeim tilvikum þar sem fyrirsjáanlegt er að það verði ekki endurnýjað á næstu árum.

Framgangur

Ályktuninni verði fylgt eftir af stjórn BÍ.

e) Skattheimta á raforku

Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

Markmið

Búnaðarþing 2013 mótmælir skattlagningu á raforkuverði í formi arðsemiskröfu á Rarik og Orkubú Vestfjarða, sem að óbreyttu þýðir hærra verð á orku í dreifibýli, og lakara viðhaldi á dreifikerfi.

Leiðir

Stjórnvöld falli frá skattlagningu í formi arðs á Rarik og Orkubú Vestfjarða.

Framgangur

Ályktun búnaðarþings send Ríkisstjórn.

Ályktun

Orkuverð og dreifing orku

Markmið

Búnaðarþing 2013 skorar á stjórnvöld að dreifikerfi raforku verði bætt með tilliti til gæða rafmagns og afhendingaröryggis. Þá er brýn nauðsyn að efla varaafli sem þarf að vera tiltækt þegar á þarf að halda, svo sem í óveðrum og öðrum náttúruhamförum. Einnig verði lögð áhersla á hraðari uppbyggingu þriggja fasa rafmagns.

Leiðir

Leggja þarf áherslu á eðlilega endurnýjun flutnings- og dreifikerfis svo það standist kröfur neytenda. Liggja þarf ljóst fyrir hverjir bera ábyrgð á áreiðanleika varaafli. Hraða þarf uppbyggingu þriggja fasa rafmagns í stað einfasa dreifikerfi, en bjóða upp á aðrar lausnir í þeim tilvikum þar sem fyrirsjáanlegt er að það verði ekki endurnýjað á næstu árum.

Framgangur

Ályktuninni verði send alþingismönnum og fylgt eftir af stjórn BÍ.

Egill Sigurðsson
Guðrún Stefánsdóttir
Gunnar Þórarinnsson
Jóhann Nikulásson
Jóhannes Ævar Jónsson
Vigdís Sveinbjörnsdóttir
Þorsteinn Sigmundsson

27b. Orkuverð og dreifing orku í dreifbýli

Ályktun

Orkuverð og dreifing orku

Búnaðarþing 2013 ítrekar fyrri ályktanir um jöfnun orkuverðs.

Markmið

Að kostnaður við flutning og dreifingu á raforku verði jafnaður að fullu fyrir alla notendur almenningsveitna.

Leiðir

Flutnings- og dreifikerfi landsins verði sameinuð í eina heild með eina gjaldskrá.

Framgangur

Ályktuninni verði send alþingismönnum og fylgt eftir af stjórn BÍ.

Egill Sigurðsson
Guðrún Stefánsdóttir
Gunnar Þórarinnsson
Jóhann Nikulásson
Jóhannes Ævar Jónsson
Vigdís Sveinbjörnsdóttir
Þorsteinn Sigmundsson

28. Aðild að ESB

Frá Búnaðarsambandi Skagfirðinga

Búnaðarþing 2013 ítrekar andstöðu sína við inngöngu Íslands í Evrópusambandið og telur að hagsmunum Íslands sé betur borgið utan ESB.

Ljóst er orðið að Ísland verður að undirgangast sáttmála ESB og engar varanlegar undanþágur eru í boði, svokallaðar samningaviðræður eru einungis aðlögun að regluverki ESB.

Ályktun

Aðild að ESB

Búnaðarþing 2013 lýsir stuðningi við starf Bændasamtakanna og fulltrúa þeirra í samningahópum, í ESB málum. Þingið áréttar enn varnarlinur Bændasamtakanna og mikilvægi þess að þær verði áfram

grundvallar sjónarmið í gerð samningsafstöðu Íslands í aðildarviðræðunum.

Búnaðarþing 2013 ítrekar andstöðu sína við inngöngu Íslands í Evrópusambandið og telur að hagsmunum Íslands sé betur borgið utan ESB. Búnaðarþing geldur varhug við áhrifum af innstreymi fjármagns frá Evrópusambandinu sem ætlað er að hafa áhrif á viðhorf til aðildar.

Ljóst er orðið að Ísland verður að undirgangast sáttmála ESB og engar varanlegar undanþágur eru í boði, svokallaðar samningaviðræður eru einungis aðlögun að regluverki ESB.

Guðrún Lárusdóttir
Ingvi Stefánsson
Jón Magnús Jónsson
Sigbjörn Björnsson
Sigurður Loftsson
Þórarinn Ingi Pétursson
Helena Hermundardóttir

29. Kostir og gallar erfðabreyttra matvæla

- a) Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

Markmið

Bændasamtök Íslands móti stefnu í afstöðu til erfðabreyttra matvæla.

Leiðir

Greina kosti þess og galla að Bændasamtökin, sem heildarsamtök bænda, taki afstöðu í umræðu um erfðabreytt matvæli og notkun erfðabreyttu fóðurhræfnum hér á landi. Með hliðsjón af hagkvæmni framleiðslu og sérstöðu íslenskra búvara.

Framgangur

Stjórn BÍ falið að undirbúa málið fyrir búnaðarþing 2014.

b) Lagt fyrir af stjórn Bændasamtaka Íslands

<http://www.althingi.is/altext/141/s/0196.html>

Ályktun

Kostir og gallar erfðabreyttra matvæla

Markmið

Búnaðarþing 2013 felur stjórn Bændasamtaka Íslands að móta stefnu samtakanna varðandi erfðabreytt matvæli og ræktun erfðabreyttra lífvera.

Leiðir

Bændasamtökin, sem heildarsamtök bænda leiði upplýsta umræðu um erfðabreytt matvæli og notkun erfðabreyttra fóðurhræfna hér á landi. Með hliðsjón af hagkvæmni framleiðslu og sérstöðu íslenskra búvara verði unnin rökstudd samantekt sem falið getur í sér mismunandi afstöðu eftir eðli og tilgangi ræktunar. Lögð verði áhersla á kynningu til neytenda á öllum stigum málsins m.a. með merkingu matvæla og rekjanleika.

Framgangur

Stjórn BÍ er falið að undirbúa málið fyrir búnaðarþing 2014.

Guðrún Lárusdóttir
Ingvi Stefánsson
Jón Magnús Jónsson
Sigbjörn Björnsson
Sigurður Loftsson
Þórarinn Ingi Pétursson
Helena Hermundardóttir

30. Áfallatryggingar bænda

Frá Landssamtökum sauðfjárbænda

Markmið

Að tryggingarleg staða bænda sé skýr ef náttúruhamfarir verða.

Leiðir

Að A-deild Bjargráðasjóðs, eða sambærilegum sjóði verði tryggðir nægilegir tekjustofnar til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara. Framtíðarhlutverk B-deildarinnar verði jafnframt tekið til skoðunar.

Framgangur

Stjórn BÍ vinni að framgangi málsins í samvinnu við stjórnvöld.

Greinargerð

Bjargráðasjóður hefur bætt tjón sem orðið hafa vegna náttúruhamfara á undanförunum árum. Slík tjón hafa verið bætt úr A-deild sjóðsins. Fastar tekjur A-deildarinnar eru hins vegar sáralitlar og í hvert sinn sem verða veruleg tjón þarf að leita sérstaklega til Ríkissjóðs um fjárframlög. Slíkt fyrirkomulag skapar óvissu sem ekki er æskilegt, og veldur áhyggjum hjá bændum við erfiðar aðstæður sem uppi eru í slíkum tilfellum. Þá verður að segjast að B-deildin er fjárhagslega mjög veik í sumum búgreinum og veitir alls ekki þá vernd sem bændur búast við af þeim sökum.

Ályktun

Áfallatryggingar bænda

Markmið

Búnaðarþing 2013 telur brýnt að tryggingaleg staða bænda sé skýr komi til stóráfalla vegna náttúruhamfara

Leiðir

Að A-deild Bjargráðasjóðs, eða sambærilegum sjóði verði tryggðir nægilegir tekjustofnar til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara. Framtíðarhlutverk B-deildarinnar verði jafnframt tekið til skoðunar.

Framgangur

Stjórn BÍ vinni að framgangi málsins í samvinnu við stjórnvöld.

31. Kynning á íslenskum matvælum gagnvart ferðamönnum

Frá Landsambandi kúabænda

Markmið

Búnaðarþing 2013 felur stjórn BÍ að vinna að því að komið verði upp aðstöðu til kynningar á íslenskum matvælum á þeim stöðum þar sem erlendir ferðamenn koma til landsins.

Leiðir

Leitað verði samstarfs um verkefnið við rekstraraðila flugstöðva og hafna sem erlendir ferðamenn fara um.

Framgangur

Stjórn BÍ hafi forgöngu um málið og niðurstaða liggja fyrir á næsta búnaðarþingi.

Greinargerð

Árlega koma til landsins tæplega 700.000 ferðamenn og felast gríðarlega miklir möguleikar í að kynna íslensk matvæli fyrir þeim. Slíkar kynningar geta einnig leitt af sér aukin tækifæri í útflutningi landbúnaðarafurða. Einnig er mikilvægt að setja aukinn kraft í markaðsstarf gagnvart farþegum í millilandaflugi og millilendingu, auk þess mikla fjölda sem hingað kemur með skemmtiferðaskipum.

Málalyktir

Málið kemur ekki úr nefnd.

32. Frumvarp til laga um náttúruvernd

Lagt fyrir af stjórn Bændasamtaka Íslands

<http://www.althingi.is/altext/141/s/0537.html>

Ályktun

Frumvarp til laga um náttúruvernd

Búnaðarþing 2013 ítrekar fyrri umsagnir Bændasamtaka Íslands um málið.

Einar Ófeigur Björnsson
Fanney Ólöf Lárusdóttir
Gústaf Jökull Ólafsson
Helgi Haukur Hauksson
Marteinn Njálsson
Pétur Diðriksson
Sindri Sigurgeirsson
Smári Borgarsson
Sveinn Auðunn Sæland

33. Frumvarp til laga um breytingar á jarðalögum

Lagt fyrir af stjórn Bændasamtaka Íslands

- skjöl frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

[Breytingar á jarðalögum - bréf frá ráðuneyti til BÍ](#)

[Niðurstöður jarðalaganefndar](#)

Ályktun

Jarðalög

Búnaðarþing 2013 vísar frumvarpi til laga um breytingar á jarðalögum nr. 81/2004 til hefðbundinnar meðferðar hjá stjórn Bændasamtaka Íslands.

Einar Ófeigur Björnsson
Fanney Ólöf Lárusdóttir
Gústaf Jökull Ólafsson
Helgi Haukur Hauksson
Marteinn Njálsson
Pétur Diðriksson
Sindri Sigurgeirsson
Smári Borgarsson
Sveinn Auðunn Sæland

34. Ráðstöfun búnaðargjalds

Ályktun

Ráðstöfun búnaðargjalds

Við framkvæmd ályktunar búnaðarþings nr. 7/2012 um endurskipulagningu leiðbeiningarþjónustu sem staðfest var á auka búnaðarþingi þann 29. október 2012 sem aftur endurspeglast í breytingu á búnaðarlögum, sbr. lög nr. 129/2012 og nýjum búnaðarlagasamningi, dags. 28. september 2012 var nauðsynlegt að endurskoða tiltekin atriði varðandi ráðstöfun búnaðargjalds. Þann 19. febrúar 2013 sendu Bændasamtök Íslands öllum búnaðarsamböndum bréf þar sem gerð var grein fyrir tillögu samtakanna að breyttri ráðstöfun og meðferð búnaðargjalds vegna endurskipulagningar leiðbeiningarþjónustu í landbúnaði. Í bréfinu kom fram að stuðst verður við breytt fyrirkomulag við ráðstöfun búnaðargjalds strax á árinu 2013. Fjárhagsáætlun Bændasamtaka Íslands fyrir árið 2013

byggir á þeirri skiptingu sem gerð er grein fyrir í fyrrnefndu bréfi.

Búnaðarþing 2013 beinir þeim eindregnu tilmælum til aðalfunda hlutaðeigandi aðildarfélaganna að tekið verði tillit til breytts fyrirkomulags við ráðstöfun búnaðargjalds við gerð fjárhagsáætlana félaganna.

Guðmundur Bjarnason
Guðmundur Davíðsson
Guðný H. Jakobsdóttir
Örn Bergsson